

Nd.

181. Frumvarp til laga

um breyting á og viðauka við hin almennu hegningarlög.

Flm.: Bergur Jónsson.

1. gr.

81. gr. hegningarlaganna orðist þannig:

Hver sá, sem kunngerir, skýrir frá eða lætur á annan hátt uppi við óviðkomandi menn leynilega samninga, ráðagerðir eða ályktanir ríkisins um málefni, sem heill þess eða réttindi gagnvart öðrum ríkjum eru undir komin, eða hafa mikilvæga fjárhagslega eða viðskiptalega þýðingu fyrir íslenzku þjóðina gagnvart útlöndum, skal sæta hegningarvinnu allt að 16 árum, eða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, ef brot er smávægilegt eða miklar málsbætur eru fyrir hendi.

2. gr.

Sá, sem raskar friði annars manns með því, þrátt fyrir áminningu lögreglunnar, að ásækja hann, ofsækja hann með bréfum eða ónáða hann á annan svipaðan hátt, skal sæta sektum eða fangelsi, allt að 6 mánuðum.

3. gr.

Sá, sem hótar öðrum að fremja hegningarverðan verknað, og hótunin er höfð í frammi með þeim hætti, að hún sé líkleg til þess að vekja hjá þeim, sem hótun er beittur, megnan ótta um líf sitt eða annara, heilsu eða velferð, skal sæta sektum eða fangelsi.

4. gr.

Sé ærumeiðandi aðdróttun borin á mann eða breidd út gegn betri vitund, skal þeim, sem það gerir, hegnt fyrir rógburð með fangelsi.

5. gr.

Málssóknarreglur 225. gr. hegningarlaganna gilda um brot gegn ákvæðum 2. og 4. gr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fr. þetta er flutt samkvæmt ósk dómsmálaráðherra.

Um 1. gr.

Dómur er nýgenginn í máli, sem höfðað hafði verið á hendur nokkrum mönnum, sem í algerðu heimildarleysi höfðu birt upplýsingar, sem fjármálaráðherra hafði skráð um viðræður, sem hann hafði átt við erlenda menn og vörðuðu fjármál ríkisins. Var niðurstaða dómsins sú, að gildandi hegningarlög vernduðu ekki þau skjöl og skilríki ríkisins, sem væru fjármálalegs eða viðskiptalegs eðlis. Það þykir hinsvegar nauðsynlegt, að slík skjöl og skilríki njóti verndar gegn óheimilli birtingu eða annari löglausri meðferð af hálfu óhlutvandra manna, sem á einn eða annan hátt — og venjulegast óheiðarlega — hafa komizt yfir skjölin. Er nýmæli greinarinnar um ofangreind skjöl, sem er svo að segja orðrét þýðing á samsvarandi ákvæði í 103. gr. dönsku hegningarlaganna frá 1930, sett hér til að vernda þjóðfélagið fyrir afbrotum af þessu tagi.

Um 2.—4. gr.

Ákvæði þessara greina er viðauki við ákvæði hegningarlaganna um verndun á einkafriði manna og mannorði. Sérstaklega hefir það þótt óviðeigandi, hversu vægum refsingum hefir verið beitt gegn visvitandi rógburði. Eru greinar þessar einnig settar með hliðsjón af hinum nýju dönsku hegningarlögum, þannig, að 2. gr. svarar til 265. gr. dönsku hegningarlaganna, 3. gr. til 26. gr. og 4. gr. til 268. gr. sömu laga.